

## Verkefni í hræringi 1985-2000

### súrrealismi í ljóðum Sjóns

Í bókmenntasögu stendur þetta m.a. um súrrealisma:

*Súrrealismi felst í því að létta af bælingu vitsmunalífsins, afmá mörkin milli draums og vöku, ímyndunar og veruleika, hlutlægs og huglægs og koma þannig á svokölluðum „ofurveruleika“.*

*Hugsanir flæða án þess að vitsmunir skipti sér af.*

*Súrrealismi á að víkka skynheim manna og losa þá úr viðjum vanabundins hugsunarháttar og niðurnjörvaðs sálarlífs. Súrrealisminn er heimur drauma og orðaflæðis.*

Sjón var í forsvari Medúsu en það voru ung skáld sem ásamt öðrum skáldum leiddu súrrealisma inn í íslenskar bókmenntir. Með því að lesa vel það sem skrifað er um Sjón og brot úr verkum hans í bókmenntasögunni færðu góða sýn yfir súrrealismann.

Hér eru fjögur ljóð eftir Sjón. Veldu eitt og færðu góð rök fyrir því hvers vegna ljóðið er súrrealískt í lágmark 12-15 málsgreinum.

1.

Dúkað veisluborð hlaðið ástartækjum  
stendur á hafhiminfletinum og bíður  
ungra drengja og stúlkna  
sem hata og hata brennimarkið á baki  
því sumir hlutir eru svo rykfallnir að  
maður getur handleikið þá og aðrir  
svo blautir að eingaungu er hægt  
að bera þá uppáð eyranu eða sýna á ljósmynd.

2.

**(nótt)**

glitrandi  
mistur af hafi  
götuljósinn stækkuðu  
eitt ljósker skein í hverjum dropa  
á gleraugunum mínum  
við sátum á svölum  
og skárum sítrónur  
köstuðum sneiðunum fram af  
svo þær þöktu götunaglitrandi  
augu og augu  
í nóttinni

(sítrónunnar)

3.

**Fuglakonan**

Hún stendur í dyrunum og heldur búrinu hátt  
einsog ljóskeri eða bók um skotvopn

Í hárinu stirnir á gullfiska og flöskubrot  
fiðrildi situr á öðru brjóstinu  
á lærin er skrifað: Túnglið er beiskt

Hún opnar munninn og út skriður fiðraður humar  
og það er nótt og tólg er brædd í kerti

4.

**(ferja)**

himinninn vekur mig  
með höggi  
milli augnanna

\*

himinninn vekur mig  
enginn máni

engar stjörnur vísa mér veginn  
hálfopnar dyrnar  
nálgast mig

\*

himinninn vekur mig  
á ferjunni  
hún snýr í hafnarmynninu  
skugginn af höfði mínu  
fer um salinn  
andlit af andliti  
uns stefnan er tekin suður  
að hann staðnæmist á manningum  
andspænis mér  
og við siglum aftur á bak  
til borgarinnar  
frá borginni

\*

himinninn vakti mig  
um kvöld á þilfarinu  
fjöllin voru gegnsæ og hafið slétt  
ekki eins og núna

(og farþegi)